

Sp.

346. Tillaga til þingsályktunar

[161. mál]

um skýrslusöfnun um gjaldeyrisafkomu.

Flm.: Ólafur Björnsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að fela Landsbanka Íslands að safna eftir hver áramót skýrslum um gjaldeyrisafkomu landsins. Skal skýrslusöfnun sú ná til birgða útflutningsafurða og innfluttrar vöru, auk upplýsinga um gjaldeyrisaðstöðu bankanna, erlendar skuldir og hreyfingar þeirra s. l. ár. Enn fremur sé bankanum falið að birta ársfjórðungslega skýrslu um gjaldeyrisaðstöðu bankanna, inn eign þeirra og skuldir í helztu tegundum gjaldeyris svo og ábyrgðarskuldbindingar í erlendum gjaldeyri.

Greinargerð.

Telja má æskilegt, að á hverjum tíma séu til sem gleggstar upplýsingar um þau fjárhagsmálefni, er mikilvægust má telja fyrir efnahagsafkomu þjóðarinnar. Meðal þeirra eru upplýsingar um gjaldeyrisafkomuna. Þær upplýsingar, er um þessi efni hafa verið birtar að undanfögnu, eru mánaðarlegar upplýsingar um gjaldeyrisaðstöðu bankanna gagnvart útlöndum, auk upplýsinga um gjaldeyrisaðstöðuna skipt á tegundir gjaldeyris, ábyrgðarskuldbindingar og föst erlend lán, er Landsbanki Íslands hefur birt um hver áramót. Hér er lagt til, að þessi skýrslusöfnun verði gerð fyllri en nú er, með því að auk ofangreindra atriða verði einnig um hver áramót safnað skýrslum um birgðir útflutningsafurða og innfluttrar vöru, enn fremur að skýrslur um gjaldeyrisaðstöðu, skipt eftir tegundum gjaldeyris, ásamt upplýsingum um ábyrgðarskuldbindingar bankanna verði framvegis birtar ársfjórðungslega í stað þess að vera birtar einu sinni á ári, eins og nú er. Mér er það að visu ljóst, að allmiklir tækniörðugleikar eru á því að safna heildarskýrslum um birgðir innfluttrar vöru, en ef slíkt yrði að athuguðu máli talið ókleift, væri hægt að láta það nægja, að skýrslusöfnunin næði aðeins til mikilvægustu vöruflokkanna. Niðurstöður þær, er þannig fengjust, ættu að geta verið sæmilegur mælikvarði á þá þróun, sem átt hefur sér stað, en sá mundi vera megintilgangur þessarar skýrslusöfnunar.